

**Ed.**

**105. Frumvarp til laga**

[103. mál]

um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 32 23. maí 1980, breytist sem hér segir:

- a. Í stað „500 000 krónum“ í 2. tölul. 1. málsg. komi: 20 000 krónum.
- b. Í stað „300 000 króna“ í 2. málsg. komi: 12 000 króna.
- c. Í stað „100 000 krónum“ í 2. málsg. komi: 4 000 krónum.
- d. Í stað „30 000 króna“ í 3. málsg. komi: 1 200 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum er sektaheimild lögreglustjóra bundin við 3 000 krónur og sektaheimild lögreglumanna bundin við 300 krónur. Með sama hætti er heimild lögreglustjóra til að ákveða eignaupptöku vegna brota sem sektaheimild lögreglustjóra nær til bundin við 1 000 krónur og heimild dómara til að ákveða eignaupptöku ef brot er skýlaust sannað en sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur takmörkuð við 5 000 krónur.

Fjárhæðir þessar hafa staðið óbreyttar frá árinu 1980. Er lagt til að fjárhæðir þessar verði hækkaðar vegna verðlagsbreytinga. Sektaheimildir þessar hafa gefið góða raun og létt verulega álagi af dómstólum. Er því nauðsynlegt að heimildirnar fylgi verðlagsþróun.